

## Jaðrakanarnir koma!

Nú í byrjun apríl er stutt í að fyrsti jaðrakaninn láti sjá sig uppi á Íslandi en fyrstu einstaklingar dúkka yfirleitt upp í fyrstu viku apríl. Í annarri viku apríl fara verulegir hópar yfirleitt að sjást en hámark í komu jaðrakans til landsins er seinni hluta apríl og fram í byrjun maí. Íslenskir jaðrakanar tilheyra sérstakri undirtegund *Limosa limosa islandica* sem verpur nær eingöngu á Íslandi og er kennd við landið. Tvær aðrar undirtegundir eru til af jaðrakan, *limosa* sú sem er algen gur varpfugl á meginlandi Evrópu og *melanuroides* sem verpur í Asíu. Sameindarannsóknir benda til að jaðrakaninn okkar sé eldri en frá lokum síðustu ísaldar og jafnvel séu nokkur ísaldarskeið síðan undirtegundirnar aðskildust. Það er því alls óvíst og jafnvel ólíklegt að *islandica* undirtegundin hafi orðið til við einangrun á Íslandi. Einnig er ýmislegt (einkum útlit) sem bendir til að okkar jaðrakan sé skyldari þeim asíska heldur en nágretta sínu þeim evrópska. Því er e.t.v. mögulegt að jaðrakaninn hafi nú mið Ísland úr vestri.

Um aldamótin 1900 varp jaðrakan aðeins á ræmu við ströndina á undirlendi



Suðurlands. Í Flóanum og austur um Holt að Odda á Rangárvöllum, að því er heimildir vitna um. Árið 1913 var varp jaðrakans staðfest í Borgarfirði og um tíu árum seinna í Kjós og Mosfellssveit að því er talið er. Um 1940 var jaðrakan farið að fíkra sig upp í uppsveitir Suðurlands og á sama tíma nam hann þrjár af frjósamari undirlendissléttum á Norðurlandi; Eyjafjörð, Skagafjörð og svæði við Húnaflóa. Síðan þá hefur velgengi og útbreiðsluaukning tegundarinnar hérlandis

verið sleitulaus og jaðrakan verpur nú á láglandi um allt land.

Íslenskir jaðrakanar hafa vetursetu með ströndum V-Evrópu. Einkum á Írlandi, Bretlandseyjum, Frakklandi og á Íberísku. Samhliða fjölgun á Íslandi hefur jaðrakönun fjölgað mikið og þeir breiðst frekar út á vetrarstöðvum en talningar frá öllum helstu vetursetulöndum sýna það. Þó er staða íslenska jaðrakans nokkuð á huldu í Portúgal og á Spáni þar sem að jaðrakanar af evrópsku undirtegundinni (sem annars eru einkum í Afríku á veturna) hafa einnig vetursetu í þessum löndum. Nær ómögulegt er að aðgreina þessar undirtegundir í vetrarbúningi og því erfitt að vita hve mikið er af hvorum í þessum löndum.

Síðustu ár hefur verið rekið viðamikið fjölbjóðlegt rannsóknaverkefni þar sem íslenski jaðrakaninn er í aðalhlutverki. Verkefnið snýst einkum um að kanna samspil varp- og vetrarstöðva við stjórnun farfuglastofna en skilningur á áhrifum árstíðasamspils á farfugla er enn mjög brotakerndur. Íslenski jaðrakaninn hefur reynst vera ákaflega heppileg módel-tegund til að kanna þessi mynstur. Þar kemur einkum til hve auðvelt er að fylgja merktum einstaklingum árið um kring og tengja með því sértækari rannsóknir af bæði varp- og vetrarstöðvum. Í þessu skyni hafa fuglar verið merktir með samsetningum líthringja þar sem hver samsetning auðkennir ákveðinn einstakling. Um 1,5% stofnsins eru merkt með þessum hætti. Endurheimtulíkur eru mjög góðar en yfir 90% fullorðinna fugla sem merktir eru á Íslandi sjást í öðrum löndum og vetrarstöðvar nær 60% af þessum

eru þekktar (vetrarstöðvar hér skilgreindar sem staðsetning fugls frá nóv. til feb.). Meðal annars hefur komið í ljós að sömu einstaklingar nýta góð svæði bæði á varp- og vetrarstöðvum og öfugt. Þetta hefur gríðarleg áhrif á ýmsa líffræðilega ferla og veldur m.a. því að sumir einstaklingar skila mun fleiri erfðavísunum til næstu kynslóðar (virk stofnstærð er minni en raunstofnstærð) en aðrir því það eru sömu einstaklingar sem hafa hæstu lífslíkurnar og besta varpárangurinn. Nú standa yfir rannsóknir til að reyna að skilja þetta mynstur og varpa ljósi á hví sumir fuglar nýta verri staði ár eftir ár (jaðrakana eru áttahagatryggir milli ára bæði á varp- og vetrarstöðvum) og virðast ekki færir um að nema betri staði. Ýmislegt bendir til að örlög einstaklinga ráðist strax í eggj og ákvarðist mikið til af því hvort foreldrar þeirra verpa á góðum eða vondum stað. Ef jaðrakaninn er manngerður má kannski segja að um skýra og órjúfanlega stéttaskiptingu sé að ræða.

Nema hvað, litmerkingarnar hafa nýst í ýmislegt fleira sem gott og gaman er að vita. Til dæmis hefur stofnstærð verið reiknuð út frá hlutfalli merktra fugla og virðist hún aðeins vera tæplega 50.000 einstaklingar að vori. Þá hefur koma merktra jaðrakana að vori verið vöktuð frá 1999. Þetta er gert á föstum viðkomustöðum jaðrakana en þeir staldra við í hópum á sjávarleirum en einnig í votlendi inn til landsins í mildari vorum. Á viðkomustöðunum hafa jaðrakanahópar verið vaktadír daglega yfir vorfarið og komudagsetningar litmerktra fugla skráðar ásamt ýmsum öðrum upplýsingum. Komið hefur í ljós að fuglar hafa einstaklingsbundinn komutíma og sömu fuglar koma yfirleitt á svipuðum tíma á hverju ári. Jaðrakana eru langlífir (elsti merkti fuglinn er um 25 ára) og hafa því góðan tíma til að koma sér upp sérvisku auk þess sem erfðir ráða eflaust nokkru um komutímann. Þá koma einstaklingar fyrir þegar vetur hafa verið mildir í Evrópu. Það má sjá með því að tengja komutíma fuglanna við verðurfyrirbærið “North-Atlantic Oscillation” (þrýstingsmunur milli Íslands og Asoreyja) sem er vísitala á hvort ríkjandi áttir að vetri hafa verið vestlægar/hafrænar (mildir vetur) eða austlægar/landrænar (harðari vetur). Líklegt er að þetta tengist neringarástandi fuglanna og að þeir séu í betra formi fyrir vorfarið ef veturinn á meginlandinu hefur verið mildur. Þá hefur sést að ekkert samband er milli fjarlægðar vetrarstöðva einstaklinga og komu þeirra að vori. Þeir sem eru nær Íslandi á veturna koma ekki fyrir til landsins.

Hér að ofan hafa verið týndar til fáeinar niðurstöður úr rannsóknum sem fjöldi manns hefur komið að. Athuganir áhugasamra á litmerktum jaðrakönum hafa gegnt lykilhlutverki við að fylgjast með ferðum einstakra jaðrakana en eins og sjá má af ferðum þeirra og sögu eru allir jaðrakana einstakir! Ef menn berja merkta jaðrakana augum er vel þegið ef litir og staðsetningar litmerkja á fótum eru skráð og þeim komið á framfæri við undirritaðann. Viðkomandi fær ævisögu fuglsins senda um hæl. Einnig er öllum talingu má jaðrakönum yfir fartímann haldið til haga og allar upplýsingar eru vel þagnar.

Ef einhver hefur áhuga á að vita meira um jaðrakana eða einhverjar spurningar vakna er velkomið að hafa samband við undirritaðan.

Tómas G. Gunnarsson  
(limosa@simnet.is)